

Dags eftirlits	28.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Fiskeldið Haukamýri	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella
Heimili	Haukamýrgili	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6607061190	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Pétur Bergmann	ÍSAT nr.	03.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## Niðurstaða eftirlits

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu en tvær ábendingar voru settar fram er varða að mælieiningar efnalosunar sem koma fram í ársyfirliti og Grænu bókhaldi skulu vera þær sömu og koma fram í starfsleyfinu og að huga þurfi að því að setja olíuskilju við áfyllingaplan neyslugeyma olíuefna, við fyrirhugaðar breytingar á lóðinni.

## Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um landeldisstöð er að ræða þar sem eldið er staðsett bæði innan- og utandyra. Heimilt er að framleiða allt að 450 tonn árlega af bleikju til manneldis og laxaseiðum. Stöðin stendur sunnan við Húsavíkurbæ, uppi á sjávarbakka og rennur frárennslið út í Skjálfandaflóa. Starfsleyfið gildir til 1. júlí 2029.

### Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Umgengni og aðkoma
- Skoðunarferð
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á þær skyldur sem þar koma fram. Þrjár ábendingar voru settar fram í síðasta eftirliti er varða umgengni á lóð stöðvarinnar, uppfærslu á viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og vöktunaráætlun og um fjölda fugla við frárennsli. Brugðist hefur verið við öllum þessum ábendingum og úrbætur gerðar. Brugðist hefur verið við útstandandi frávik frá árinu 2019 er varðar rekstur sláturhúss og hefur umsókn rekstraraðila um nýtt starfsleyfi verið send Umhverfisstofnun. Frávikinu er því lokið.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Framleiðsla frá síðasta ári hefur aukist lítilega og voru framleidd 393 tonn í stöðinni árið 2022 og er áætlað að framleiðsla ársins 2023 verði um 420 tonn. Hámarks framleiðsluheimild skv. starfsleyfi er 450 tonn. Einungis er alin bleikja í stöðinni.

Mælingar í frárennsli voru síðast gerðar þann 15. ágúst sl. en skv. gr. 3.3 í starfsleyfi skal taka sýni úr frárennsli á a.m.k. þriggja ára fresti. Niðurstöður þeirrar greiningar koma fram í grænu bókhaldi sem skilað var inn til eftirlitsaðila þann 28. apríl sl. Gerð er ábending um að mælieining fyrir fosfór skal vera sú sama og kemur fram í starfsleyfinu eða kg/framleitt tonn en í Grænu bókhaldi rekstraraðila kom einungis fram mg/L. Útreikningum á losun niturs (N) og fosfórs (P) út frá fóðurmagni var skilað í eftirlitinu og voru gildi P 7,2 kg/framleitt tonn og N 33,6 kg/framleitt tonn sem er nokkur lækkun frá fyrri árum. Í starfsleyfi er heimil losun á P 20 kg/framleitt tonn.

Áætlanir sem liggja skulu fyrir skv. starfsleyfi eru aðgengilegar í rekstrarhandbók. Allar áætlanir hafa verið uppfærðar í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi og áætlun um meðhöndlun úrgangs var einnig skilað inn til eftirlitsaðila nú í ár. Eintak af starfsleyfinu var til staðar í stöðinni og yfirlitsmynd af kerjum og lagnakerfi var til staðar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar.

Dauðfiskur og slóg fer daglega frá stöðinni til Ice Fish á Reykjanesi. Almennt rusl er flokkað í þrjá flokka og fer rekstraraðili sjálfur með það yfir í móttökustöð sorps sveitarfélagsins við Víðimóa. Engin lyf eða bóluefni eru notuð í stöðinni. Hreinsiefni eru geymd í sérstökum skáp inn af vinnslurými sláturhúss og lekabyttur eru til staðar fyrir öll spilliefni. Öryggisblöð voru til staðar og í lagi.

Tveir tvöfaldir olúgeymar eru í stöðinni ásamt nýjum geymi sem tengdur er við ljósavél og er staðsettur inni í lekaheldum gám. Leiðbeiningar um kröfur til neyslugeyma voru sendar rekstraraðila þar sem fram kemur að ekki er ákvæði um þykktarmælingar ofanjarðargeyma en afgreiðsluplan skal tengt olíuskilju og skal það haft í huga við fyrirhugaðar breytingar á staðsetningu olúgeyma.

Sjálfvirkt fóðurkerfi er fyrir öll ker og er fóðrið geymt í sílóm á lóð stöðvarinnar. Með bættum starfsferlum hefur rekstraraðila tekist að bæta fóðurnýtinguna og lækka fóðurstuðulinn.

Allt vatn í stöðinni er endurnýtt og ristar eru á kerjum og við útrás. Fyrsta nýting vatnsins er fyrir smæsta fiskinn sem alinn er innandyra, en því næst rennur vatnið út í kerin sem eru byggð á stöllum niður brekkuna. Eldisvatnið er loftað og hreinsað á milli kerja. Slátrun á sér stað í eldisrymi neðst í brekkunni og rennur vatn frá sláturhúsinu sem og vatn frá síðustu endurnýtingu kerjanna, yfir í dúkklædda eldiseiningu, sem þjónar hlutverki setþróar. Frá þrónni rennur vatnið út í læk, um 20m frá fjöruborði Skjálfaflóa. Mikið og þungt brim er í fjörunni og því er ekki hægt að lengja frárennslið út í fjöruna þar sem brimið brýtur lagnirnar. Ekki var að sjá uppsöfnun fóðurleyfa, slýs eða óhreininda við frárennslisop en greina mátti nokkra tugi fugla í fjöruborðinu við útrásina. Rekstraraðila er bent á að reyna að halda fugli í skefjum eins og unnt er.

Meindýraeyðir kemur mánaðarlega og sinnir vörnum við stöðina. Meindýr hafa ekki verið vandamál í stöðinni en ágengi fugla er þó nokkur við útrásina. Minnt er á að reyna að halda þeim í skefjum eins og kostur er.

Gengið var um stöðina, frárennslið skoðað, útrás í viðtaka og geymsla spilliefna. Gerðar hafa verið góðar úrbætur við frágang á lausum brettum og lagnarörum sem ábending var sett um í síðasta eftirliti. Minnt er á að halda þeirri vinnu áfram og að gengið sé frá jafnóðum og framkvæmdum er lokið.

## Ábendingar

Gerð er ábending um að mælieiningar efnalosunar sem koma fram í ársyfirliti og Grænu bókhaldi skulu vera þær sömu og koma fram í starfsleyfinu, eða kg/framleitt tonn.

Einnig er gerð ábending um að afgreiðsluplan við neyslugeyma fyrir olúefni skal vera tengt olíuskilju skv. 41. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og skal það haft í huga við fyrirhugaðar breytingar á staðsetningu olúgeyma.


## Annað

Rekstraraðili hefur verið með vottun frá AQUA GAP en skiptir yfir í AEC vottun nú í ár. Óskað er eftir því að staðfesting vottunar verði send eftirlitsaðila þegar hún berst til rekstraraðila.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar. Einnig fylgdi kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda sem og kynning á breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verður óboðað. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Reykjavík, 26.10.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta



